



Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúli 24
108 Reykjavík
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 4. ágúst 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 12. júlí 2022. Um er að ræða fyrirhugaðar breytingar á lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 sem heimila heilbrigðisstofnunum ríkisins að ráða til starfa heilbrigðisstarfsfólk á aldrinum 70 til 75 ára. Með því yrði aldurshámark heilbrigðisstarfsmanna ríkisins fært til samræmis við gildandi aldurshámark heilbrigðisstarfsmanna sem reka eigin starfsstofu. Um er að ræða undanþáguákvæði frá lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Samtökin fagna fyrirhuguðum breytingum. Eins og fram kemur í áformunum er vinnuafllsskortur tilfinnanlegur hér á landi, ekki einungis í heilbrigðiskerfinu heldur einnig meðal kennara og fleiri stétta hins opinbera. Í því ljósi styðja samtökin breytingarnar. Í skýrslu almennatrygginganefndar frá 2016 var fjallað um þetta atriði. Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í nefndinni, en einnig voru fulltrúar frá öllum flokkum sem áttu sæti á Alþingi auk fulltrúum frá félagasamtökum, stéttarfélögum og ríki og sveitarfélögum. Í skýrslunni sagði:

„Hámarksstarfsaldur opinberra starfsmanna.

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er opinberum starfsmönnum heimilt að vinna til 70 ára aldurs. Nefndin leggur til að þetta ákvæði starfsmannalaga verði endurskoðað með það í huga að opinberum starfsmönnum verði heimilað að vinna til allt að 75 ára aldurs. Haft verði samráð við viðkomandi heildarsamtök opinberra starfsmanna.“

Samtökin vilja ítreka ofangreint. Brýnt er að liðka fyrir áframhaldandi starfi allra ríkisstarfsmanna en samhliða því er nauðsynlegt að losa um uppsagnarvernd og veikindarétt enda órjúfanlegur þáttur að endurskoða þann rétt á þessu aldursbili.

Loks leggja samtökin til að sérfræðingi á þessu sviði verði falið að semja almennar reglur sem gilda um hámarksaldur opinberra starfsmanna.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir að svo komnu máli. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og eru reiðubúin að veita frekari upplýsingar ef eftir því verður leitað.



Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Árni Grétar Finnsson